

Númer: 32/2018

Dreifibréf til váttryggingafélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja

Reykjavík, 25. júní 2018
Tilvísun: 2017090048

Efni: Viðmiðunarreglur EIOPA sem varða starfsemi váttryggingafélaga.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (*e. guidelines*) varðandi ákveðna þætti í starfsemi váttryggingafélaga sem tengjast Solvency II regluverkinu. Tilgangur viðmiðunarreglna EIOPA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og til að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipunar 2009/138/EB (Solvency II tilskipunin) og afleiddra reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 um að koma á fót váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA), sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EIOPA auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun birta á heimasíðu sinni dreifibréf og slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun auk þess annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna eftir þörfum.

Lokaútgáfa viðmiðunarreglna EIOPA eru nánari útfærsla á Solvency II tilskipuninni og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga (Solvency II reglugerðin) en regluverkið hefur verið innleitt m.a. með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og reglugerð nr. 585/2017 um váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið beinir því til váttryggingafélaga að kynna sér neðangreindar viðmiðunarreglur EIOPA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið leggur tilmælin og viðmið þeirra til grundvallar við mat á fylgni við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.




- Viðmiðunarreglur EIOPA um flokkun gjaldþolsliða, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-classification-of-own-funds>
 - Um er að ræða viðmiðunarreglur sem tengjast ákvæðum 93 til 95 í Solvency II tilskipuninni sem hafa verið innleidd í 91. – 93. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Viðmiðunarreglurnar fjalla um flokkun gjaldþols í viðeigandi gjaldþolsþætti. Þær innihalda lista yfir viðurkennda gjaldþolsliði sem uppfylla skilyrði 92. gr. laga nr. 100/2016 þar sem forsendur flokkunar koma fram fyrir hvern viðurkenndan gjaldþolslið. Þá er einnig markmið með þessum tilmælum að gefa leiðbeiningar um hvernig flokka eigi gjaldþolsliði sem ekki eru á lista yfir viðurkennda gjaldþolsliði.
- Viðmiðunarreglur EIOPA um hlutdeildarfélög og önnur tengd félög, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-treatment-of-related-undertakings>
 - Um er að ræða viðmiðunarreglur sem tengjast ákvæðum 92(1)(b) og 111(1)(m) í Solvency II tilskipuninni sem hafa verið innleidd í 95. og 103. gr. laga nr. 100/2016. Viðmiðunarreglurnar fjalla um hvernig meðhöndla eigi tengd félög í útreikningi á gjaldþolskröfu og hvernig gjaldþolsliðir eru metnir þegar váttryggingafélög eiga fjármálafyrirtæki sem dóttur- eða hlutdeildarfélag.
- Viðmiðunarreglur EIOPA um stuðningsgjaldþol, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-ancillary-own-funds>
 - Um er að ræða viðmiðunarreglur sem tengjast ákvæðum 89, 90, 93-96, 226 og 235 í Solvency II tilskipuninni sem hafa verið innleidd í 90.-93. gr. laga nr. 100/2016 og 16. og 24. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður. Viðmiðunarreglurnar fjalla um ferli eftirlitsstjórnvalda við mat á umsóknum váttryggingafélaga, ætli þau sér að nota stuðningsgjaldþolsliði til að mæta gjaldþolskröfu, til Fjármálaeftirlitsins.
- Viðmiðunarreglur EIOPA um varða sjóði (e. ring fenced funds), sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-ring-fenced-funds>
 - Um er að ræða viðmiðunarreglur sem tengjast ákvæðum 99(b) og 111(1)(h) í Solvency II tilskipuninni sem hafa verið innleidd í 95. og 103. gr. laga nr. 100/2016. Viðmiðunarreglurnar fjalla um hvernig eigi að tilgreina hvort um varða sjóði sé að ræða, mat á eignum og skuldbindingum innan slíkra sjóða og hvernig tilvist þeirra hefur áhrif á útreikning gjaldþolskröfu.
- Viðmiðunarreglur EIOPA um gjaldþol váttryggingasamstæðu sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-group-solvency>
 - Um er að ræða viðmiðunarreglur sem tengjast ákvæðum 212-235 og 261-263 í Solvency II tilskipuninni sem hafa verið innleidd með lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017. Viðmiðunarreglurnar skýra ýmis atriði er varða útreikning á gjaldþoli samstæðu og er beint að móðurfélögum samstæðna, hvort sem þau eru váttryggingafélög, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi.

Viðmiðunarreglurnar taka gildi nú þegar.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Rúnar Guðmundsson



Guðrún Finnborg Þórðardóttir